



## Menntaskólinn á Ísafirði

MIS  
RDI  
Lugut frárhaldsskóll  
á Vestfjörðum  
[www.misa.is](http://www.misa.is)

Torfnesi, 400 Ísafirði  
Sími: 450 4400 Bréfasími: 450 4419  
Netfang: mi@misa.is Veffang:



## Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

[postur@isafjordur.is](mailto:postur@isafjordur.is)

Ísafírði 3. október 2019

Efni: Bygging 2. áfanga verkmenntahús á lóð Menntaskólans á Ísafirði.

Á fundi skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði 26. september 2019 var samþykkt að kanna vilja sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum að byggja 2. áfanga verkenntahúss við hlið 1. áfanga sem reistur var 1994. Skólanefnd samþykkti einnig að byggingaráformum verði hrint í framkvæmd sem fyrst. Reiknað er með að fjármögnun verkefnisins liggi fyrir í fjárhagsáætlun ríkis og sveitarfélaga fyrir 2021. Þegar samþykki ríkissjóðs og sveitarfélaga liggur fyrir um þátttöku í verkefninu yrði skipuð byggingarnefnd. Fyrir fjárlagagerðina þarf Mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjármálráðuneytið annars vegar og fulltrúar sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum að gera með sér samning um byggingu 2. áfanga verkenntahúss við Menntaskólann á Ísafirði á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Æskilegt væri og við hæfi, að þetta yrði frá gengið fyrir 50 ára afmæli skólans sem verður 3. október 2020. Húsið yrði fullfrágengið um miðjan ágúst 2021. Hér með er óskað álits bæjarstórnar Ísafjarðarbæjar á þátttöku í þessu verkefni

Lóðin tilheyrir skólanum samkvæmt deiliskipulagi (sjá meðfylgjandi mynd). Hér með er óskað eftir því að byggingarrétturinn á lóðinni verði færður aftur til skólans.

## Virðingarfyllst

Jon Reynir Sigurvinsson  
Jon Reynir Sigurvinsson

skólameistari



Öflugur framhaldsskóli  
á vestfjörðum

www.misa.is

## Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi, 400 Ísafirði

Sími: 450 4400

Bréfasími: 450 4419


Netfang: mi@misa.is

Veffang:



### Greinargerð

Gert er ráð fyrir að 2. áfangi verkenntahúss verði nægjanlega stórt til að rúma að lágmarki aðstöðu fyrir húsasmíði, kennslu rafiðngreina og háriðngreina. Byggingin yrði sambærileg að gerð og 1. áfangi sem byggður var 1994.



Staðsetning 1. áfanga Verkenntahúss og lóðar sem tilheyrir Menntaskólanum á Ísafirði samkvæmt deiliskipulagi en þar er gert ráð fyrir viðbótarbyggingum.

Verkenntahús 1. áfangi var tekinn í notkun 5. janúar 1995. Húsið er 471,2 m<sup>2</sup> að brúttóflatarmáli en með kennslustofu og skrifstofum á efri hæð er flatarmál hússins 571 m<sup>2</sup>. Brúttórúmmál hússins er 2427m<sup>3</sup>. Bygging hússins hófst í júlí 1994 og var afhent 5. janúar 1995. Samkvæmt 15. fundar bygginarnefndar hússins 13. júní 1994 kostnaður við byggingu hússins 30.000.000 en heildarkostnaður við húsið var kr. 40.473.400. Flutningur eldri tækja/búnaðar var kr. 5.000.000. Þetta var samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Ríkissjóður greiddi 60% en kostnaðarhlutdeild sveitarfelaga á norðanverðum Vestfjörðum var 40% og skiptist eftir íbúafjölda.

### Lýsing á þörf.

Ný verkenntaaðstaða í kjallara heimavistar fyrir nýstofnaða húsasmíðabraut var tekin formlega í notkun á vorönn 2006. Aðstaðan er að stórum hluta í rými sem var aldrei samþykkt

og átti í raun að vera lokað með uppfyllingu Vinnuaðstaðan er þróng og hávaði frá trésmíðavélu skapar ónæði hjá heimavistarbum sem eru fyrir ofan. Smíði smáhýsa á fjórðu önn húsasmíðabrautar verður að fara fram utandyra sem er oft mjög erfitt vegna veðurs og snjóalaga. Menntaskólinn á Ísafirði er eini skólinn á landinu þar sem húsasmíðanemar þurfa að smíða sín smáhýsi utandyra. Á sama tíma og 1. áfangi verkmenntahúss var tekinn í notkun árið 1995 var ný aðstaða fyrir rafiðngreinar tekinn í notkun í rými á jarðhæð heimavistar þar sem nú er aðstaða fyrir FaB-Lab stofu. Á vorönn 2008 var aðstaða fyrir háriðngreinar tekin formlega í notkun í kjallara heimavistar. Sú aðstaða er mjög þróng og einnig í ósamþykktu rými til hliðar við húsamíðastofu.

Kennsla í rafiðngreinum hefur ekki verið í boði við skólann síðan 2004 og kennsluaðstaða engin. Mikil skortur er á iðnaðarmönnum í rafiðngreinum á Vestfjörðum og hafa fyrirtæki í þessari grein á svæðinu lýst áhyggjum sínum á stöðunni.

Með tilkomu Dýrafjarðarganga munu samgöngur milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða batna til muna. Með þessum samgöngubótum verður fjölbreytt starfsnám í fyrsta sinn aðgengilegt fyrir nemendur á suðursvæði Vestfjarða sem uppfyllir þá kröfur næsta skólastigs og atvinnulífsins.